NORÐURHELLA 9 HAFNARFIRÐI

Byggingarfulltrúi
sampykkir erindið.

23 MAI 2007

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar innar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristjan Þorarinsson*




Norðurhella 9:

| | |
|---|---|
| Lóð | 2.034,0 m² |
| Grunnflatarmál húss | 412,4 m² |
| Brúttóflatarmál húss | 810,3 m² |
| Brúttórúmmál | 3.118,2 m³ |

Byggingarlýsing:

UNDIRSTÖÐUR: Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu, einangrun undir botnplötu og niður sökkla er 75mm plasteinangrun. Undirstöður standa á þjappaðri hraunfyllingu eða klöpp.

VEGGIR: Útveggir eru gerði úr forsteyptum einingum. Yst í einingunum er 70 mm veðurkápa með rauðleitum smásteinum/perlumöl, ísteyptum eða múruðum á eftir að húsið rís , sem verða ysta lag og jafnframt áferð veggjanna. Síðan kemur 100 mm polystyrene einangrun (plast) og loks 130 mm berandi steinsteyptur veggur. Þessar einingar eru framleiddar af Einingaverksmiðjunni Borg, Bakkabraut 9, Kópavogi. Burðarveggir innan húss, veggir kringum stigahús og veggir á milli húseininga eru úr járnbentri steinsteypu. Aðrir innveggir, sem ekki eru berandi, verða hlaðnir og pússaðir eða smíðaðir sem EI-30 veggir, t.d. timburgrindur 45x45 c/c 600 mm, klæddar með 13 mm gipsplötum beggja megin. Á langveggjum hússins er gert ráð fyrir auglýsingaskiltum á þar til gerðum stálramma, sem jafnframt hefur gólf, sem nýtist sem brunaútgönguleið/flóttaleið.

PLÖTUR OG ÞAKPLATA: Gólfplata jarðhæðar er staðsteypt og einangruð með 75 mm polystyrene (25 kg/m³) undir gólfplötunni. Hún verður vélslípuð aður en fullri storknun er náð. Plata milli hæða verður úr forsteyptum holplötum, framleiddum af Borg. Ofan á þær kemur síðan ílögn, sem verður vélslípuð. Þakplatan verður Filigran-plata með ásteypu, framleidd af Borg. Ofan á hana kemur rakavörn, síðan létt (16 kg/m³) polystyrene plasteinangrun eða steinull, sem verður klædd með Protan SE þakdúk og loks möl þar ofan á. Gert er ráð fyrir að þetta verk verði unnið af Fagtúni ehf og þá með þakkerfi frá Fagtúni, efnum og festingum frá því fyrirtæki. Þakhalli verður tekinn með einangrun og dúk með halla að NF. Þakhalli er 3°. Allt í samræmi við ísl. staðla um þakfrágang og ákvæði um reiknað vind- og snjóálag. Sjá annars sérteikningar verkfræðings.

LOFTRÆSING: Loftræsing gluggalausra votrýma er um lóðréttar pípur upp úr þaki, vélræn loftræsing. Afköst skulu vera 2 loftskipti á klst. Önnur loftræsing er um opnanlega glugga.

HURÐIR, GLUGGAR: Útihurðir, gluggar og annað tréverk utan húss eru grá að lit, sama á við um dyr á sorpgeymslum. Gluggar mega einnig vera úr álklæddu timbri. K-gler í gluggum. Sorpgeymslurnar skulu vera í hýsi/skúr úr steinsteypu með sömu áferð og útveggir hússins. Þær skulu standa á steyptri plötu.

LÓÐ: Meðfram 3 hliðum hússins er 1,5 m breið, hellulögð gangstétt, en hún er 3 m breið við framhlið. Lóðin er að öðru leyti öll malbikuð nema hvað milli kantsteina við bílastæði og frammi við lóðamörk við götu verður sett gróf, hörpuð möl. Ekki er gert ráð fyrir að smíðaðir verði neinir skjólveggir eða sérstök aðgreining á lóðamörkum og þar sem lóðin liggur að næstu lóð (-um) við Norðurhellu, verður haft samráð og samvinna um sameiginlegar innkeyrslur og akstursleiðir milli húsanna, sbr. deiliskipulagsblað.
Bílastæði eru alls 32, þar af er eitt sér stæði fyrir fatlaða næst húsi.
Hæð lóðaryfirborðs (stéttar) við húsveggi er ca. 25 cm undir gólfhæð þar sem því verður við komið. Hæðatölur lóðamarka og GK jarðhæðar skv. skipulagi eru verulega frábrugðnar náttúrulegri hæð lóðar, sbr. hæðalínur skv. mælingum og áformaðar hæðir götu. Líklega mun þurfa að sækja um hæðabreytingar, a.m.k. á GK jarðhæðar.

AÐGENGI FATLAÐRA: Eitt bílastæði næst húsi er ætlað eingöngu fyrir fatlaða. Í stigahúsi er gert ráð fyrir nægu rými milli trappanna fyrir lyftu fyrir hjólastól.

Kólnunartölur U-gildi (W/m²C)
Hámarksgildi kólnunartalna:

| | |
|---|---|
| Þak | 0,20 |
| Útveggir | 0,40 |
| Gólf á fyllingu | 0,30 |
| Gluggar, karmar, gler,vegið meðaltal | 2,00 |
| Útveggir, vegið meðaltal | 0,85 |

Skýringar vegna eldvarna:

→ Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál
☒ Táknar reykskynjara, sem skal staðsetja skv. teikningu.
NB. Samtengingu reykskynjara allra húseininganna.
➡ Þar sem þetta tákn er notað, er verið að vísa á flóttaleið.
Á efri hæð vísar það annars vegar að stigagangi og hins vegar að fellistigum frá palli eða "svölum" á bak við auglýsingaskilti.
Þeir eru t.d af gerðinni Jomy, sem hafa fengið vottun Brunamálastofnunar.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

15.05.2007

10/5 07 HRP

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

11/5 2007

GRUNNMYND 1. HÆÐAR OG LÓÐ MKV. 1:100

VERKFRÆÐISTOFA HALLDÓRS HANNESSONAR S.5654355
GUNNARSSUNDI 10 HAFNARFIRÐI

| | |
|---|---|
| **Norðurhella 9 Hafnarfirði** | Mkv. 1:100 |
| Grunnmynd 1. hæðar og lóðarskipulag | Reiknað H H |
| | Teiknað JH |
| | Kt. hönnuðar:141139-2159 |
| | Breytt: 10.maí 2007 |

Verk: Norðurhella Teikn.nr.: 1 Dags.: 18. des. 2006